

UMHVERFISVOTTAÐ  
ÍSLAND



# UMHVERFISVOTTAÐ ÍSLAND

Menja von Schmalensee og Róbert Arnar Stefánsson

Umbrot: Náttúrustofa Vesturlands

Ljósmyndir: Daníel Bergmann

Kápumynd: Eyrarfjall (Narfeyrarhlíð) við Álftafjörð á Snæfellsnesi

Prentun: Hjá Guðjón Ó

Október 2009

**Fjölrit Náttúrustofu Vesturlands nr. 16**



Náttúrustofa Vesturlands





## EFNISYFIRLIT

Áður en lengra er haldið.....	4
Af hverju vottun? .....	5
Hvers konar umhverfisvottun?.....	5
Hvers vegna vottun sveitarfélaga? .....	8
Hvernig förum við að?.....	9
Kostnaður .....	13
Ávinningur .....	15
Að lokum .....	17






*“Sjálfbær þróun er ekki ein leið út úr kreppunni, hún er **eina** leiðin út úr kreppunni”*  
Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, í ræðu á Umhverfisþingi 9. október 2009.

## ÁÐUR EN LENGRA ER HALDIÐ...

Á vel heppnuðu Umhverfisþingi umhverfisráðuneytisins 9. og 10. október síðastliðinn voru skilaboðin skýr. Við höfum náð þeim tímapunkti að ekki er einungis þörf heldur nauðsyn að endurskoða gildi okkar og gjörðir. Uppbygging og framtíð Íslands verður að byggja á sjálfbærri hugsun og sterku siðferði hvað varðar umhverfismál og náttúruvernd, atvinnuuppbyggingu og heildar framtíðarsýn. Við þurfum að hugsa dæmið upp á nýtt samkvæmt nýjum forsendum, marka okkur skýra stefnu og framfylgja henni. Í upphafi skal endinn skoða.

Í þessari greinargerð er varpað fram þeirri hugmynd að umhverfsvotta Ísland allt og kynnt er leið að því markmiði. Miðað er við að landið allt verði vottað á fjórum árum með því að votta starfsemi allra sveitarfélaga landsins. Þetta er raunhæf leið sem farin hefur verið á Snæfellsnesi með góðum árangri.

Ísland yrði fyrsta umhverfsvottaða landið í heiminum, sem markaði því sérstöðu sem á sér engin fordæmi. Vottun Íslands felur í sér gríðarleg tækifæri og möguleika til uppbyggingar á ímynd landsins, til að styrkja atvinnuþróun og efla sjálfbæra þróun.



Belgjarskógur



## AF HVERJU VOTTUN?

Ótvíræðir kostir felast í því að byggja upp sjálfbæra lífs- og starfshætti með vottun óháðs þriðja aðila:

**Trúverðugleiki.** Árangur er metinn af óháðum aðila og þarf að standast skilgreinda staðla og viðmið.

**Aðhald og eftirfylgni.** Úttekt vottunaraðila tryggir eftirfylgni og haldbærar upplýsingar um frammistöðu og er kerfið því líklegra til að skila raunverulegum skrefum í átt til sjálfbærni.

**Gæðastjórnun.** Þátttaka í vottunarferli eykur gegnsæi upplýsinga, bætir verk- og pappírsferla, og gefur betra yfirlit yfir notkun náttúruauðlinda. Hún stuðlar því að bættri gæðastjórnun.

**Markaðs- og kynningartæki.** Umhverfisvottun alþjóðlega viðurkennds vottunaraðila með þekktu umhverfismerki felur í sér ný og fjölbreytt tækifæri til landkynningar og markaðssetningar, sér í lagi fyrir ferðaþjónustu og framleiðslugreinar.

## HVERS KONAR UMHVERFISVOTTUN?

Vottunarsamtökin EC3 Global eru enn sem komið er einu vottunarsamtökin í heiminum sem bæði votta samfélög og geta veitt þeim umhverfismerki. Þau hafa umsjón með Green Globe vottunarkerfinu, sem byggir á hugmyndafræði Dagskrár 21 og sett var á fót með stuðningi Alþjóða ferðamálaráðsins og Alþjóða ferðamálasamtakanna árið 1994. Vottunarkerfið felur í sér að samtökin setja viðmið fyrir landið í heild. Því er um trúverðugri leið til umhverfisúrbóta að ræða en felst í



t.d. Staðardagskrárvinnu og vottun samkvæmt ISO 14001 staðli. Í þeim verkefnum setur viðkomandi aðili sér sjálfur viðmið og segir þátttaka því lítið til um frammistöðu í samanburði við aðra aðila, þótt hún sé jákvæð.

Green Globe umhverfismerkið er notað á ferðaþjónustufyrirtæki og ferðaáfangastaði sem vilja stuðla að sjálfbærri þróun. Merkið nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, enda hafa samtökin vottað aðila í yfir 50 þjóðlöndum í öllum heimsálfum. Erlendis er því um þekkt og traust umhverfismerki að ræða.

**Green Globe staðallinn fyrir samfélög** byggir á ábyrgri stjórnun og sjálfbærri þróun. Staðallinn veitir samfélögunum ramma til að mæla frammistöðu sína og vinna að stöðugum úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum. Hann byggir á sex meginstöðum:

1. Trygg stjórn samfélagsins og vottunarverkefnisins.
2. Gildandi lögum og reglugerðum er fylgt í hvívetna.
3. Sjálfbærnistefna í umhverfis- og samfélagsmálum.
4. Framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn, sem er endurskoðuð árlega.
5. Skráningar- og vöktunarkerfi til að fylgjast með árlegri frammistöðu á 12 sviðum (sjá sjálfbærnivísa í bláum kassa á bls. 6).
6. Óflugt samráð við alla hópa samfélagsins, þannig að allir eigi þess kost að taka þátt í stefnumótuninni og koma athugasemdum á framfæri. Einnig er sett upp og framfylgt kynningaráætlun um framgang verkefnisins.

**Green Globe umhverfismerkið er alþjóðlega viðurkennt, trúverðugt og þekkt umhverfismerki sem stuðlar að sjálfbærri þróun og veitir gríðarleg tækifæri til markaðssetningar landsins, öllum landsmönnum til hagsbóta.**



### Vottunarferlið sjálf er í þremur þrepum:

- A. Skráning í vottunarkerfi Green Globe, stefnumótun o.fl.
- B. Mælingar á tölulegum vísum og gerð framkvæmdaáætlunar. Eftir mælingar í eitt ár eru niðurstöður sendar til vottunarsamtakanna, sem meta hvort lágmarksviðmiðum hafi verið mætt. Ef svo er, fer verkefnið í þriðja þrepíð.
- C. Green Globe vottun: Viðurkenndur óháður vottunaraðili tekur út starfsemina og kannar hvort staðlar Green Globe og framkvæmdaáætlun sé uppfyllt. Sé svo, er veitt vottun til eins árs í senn. Vottun felur ekki í sér að viðkomandi aðili hafi náð fullkomnun heldur að hann hafi uppfyllt grunnviðmið og skuldbindi sig til að vinna að stöðugum úrbótum.

Þegar um vottun sveitarfélags er að ræða tekur vottunin til starfsemi sveitarfélagsins sjálfs, þ.e. starfsemi stofnana og verkefna sem eru á þess vegum og ábyrgð. **Vottunarferlið tekur ekki til fyrirtækja eða stofnana á vegum einkaaðila eða ríkis, sem staðsett eru í viðkomandi sveitarfélagi**, að öðru leyti en að fjöldi umhverfissvottaðra fyrirtækja í sveitarfélaginu getur talist til tekna í vottunarferlinu og sumir sjálfbærnisvísarnir byggja á mælingum á notkun allra íbúa á auðlindum, s.s. vatni og orku, og losun allra íbúa á úrgangi.

**Sjálfbærnisvísar:** Árlega skilar samfélagið mælanlegum upplýsingum um frammistöðu sína á eftirfarandi sviðum og skal stefnt að stöðugum úrbótum, sérstaklega þar sem frammistaðan er ekki framúrskarandi.

- Losun gróðurhúsalofttegunda.
- Orkunýting, orkusparnaður og stjórnun.
- Stjórnun ferskvatnsauðlinda.
- Verndun og stjórn vistkerfa.
- Stjórnun félagslegra og menningalegra áhrifa ferðaþjónustunnar.
- Skipulag og þróun svæða undir ferðaþjónustu.
- Félagshagfræðilegur ávinningur svæðisins af ferðaþjónustu.
- Verndun loftgæða og stjórnun hávaða.
- Stjórnun fráveitumála og ofanvatns.
- Lágmarkun úrgangs, endurnýting og endurvinnsla.
- Geymsla og notkun efna sem eru skaðleg umhverfinu.
- Verndun menningarminja.



## HVERS VEGNA VOTTUN SVEITARFÉLAGA?

Vottun á starfsemi allra sveitarfélaga landsins er tiltölulega einföld og **raunhæf** leið til að ná því markmiði að landið allt verði umhverfisvottað sem sjálfbært samfélag og sjálfbær ferðaáfangastaður. Þessi leið var farin á Snæfellsnesi, en sveitarfélögin Stykkishólmsbær, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur ásamt Þjóðgarðinum Snæfellsjökli hlutu Green Globe vottun árið 2008. Þar hefur því byggst upp reynsla og þekking á vottunarferlinu, sem nýst getur öðrum sveitarfélögum í framhaldinu.

Með því að fara sveitarfélagaleiðina er einnig möguleiki á ákveðnum **sveigjanleika** sem erfiðara væri að innleiða ef votta ætti landið sem eina heild. Þannig geta sveitarfélög sem vilja vinna verkefnið hratt uppskorið árangur erfiðisins strax með því að fá vottun fljótt og þurfa því ekki að bíða eftir öðrum sveitarfélögum. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að sveitarfélög skilgreini mismunandi áherslur í sjálfbærnistefnu sinni og þeim verkefnum sem þau taka fyrir eða ráðist í verkefni í annarri röð en önnur sveitarfélög. Vottunarferlið getur þannig tekið mið af aðstæðum í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

**Umhverfisvottun sveitarfélaga er raunhæf og sveigjanleg leið til að ná því markmiði að Ísland allt verði vottað sjálfbært samfélag.**





## HVERNIG FÖRUM VIÐ AÐ?

Forsenda þess að verkefnið heppnist er að sveitarfélög hafi ávallt greiðan aðgang að fagþekkingu á sviði umhverfismála og að umsjón verkefnisins sé í höndum fagaðila. Auk þess er nauðsynlegt að fræðsla og kynning til starfsmanna sveitarfélaga og íbúa þeirra um umhverfismál og vottunarverkefnið sjálft fari fram samhliða vottunarferlinu vegna þess að aukin þekking er undirstaða breyttra starfs- og lífshátta.

Einföld lausn á þessu er að umhverfismenntaðir einstaklingar verði til reiðu víða um land. Hér geta náttúrustofur greitt mjög fyrir framvindu verkefnisins.

Náttúrustofur eru sjö talsins og ná starfssvæði þeirra yfir allt landið utan höfuðborgarsvæðisins. Mörk starfssvæða fylgja kjördæmaskipan eins og kosið var eftir í síðasta sinn í alþingiskosningum árið 1999. Náttúrustofur eru í eigu rekstrarsveitarfélaga en styrktar af ríki samkvæmt samningi milli umhverfisráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélaga. Þær hafa allar mikla reynslu af samvinnu við sveitarfélög á sínu starfssvæði og eru því mikilvægur hlekkur milli ríkis (t.d. Umhverfisráðuneytis) og sveitarfélaga þegar kemur að umhverfismálum, náttúruannsóknnum og fræðslu. Lagt er til að staðsetja einn starfsmann vottunarverkefnisins á hverri náttúrustofu en kostir þess eru ótvíræðir:






**Sterk tengsl við sveitarfélög.** Þar sem náttúrustofur eru í eigu sveitarfélaga er líklegra að sveitarfélögin geri vottunarverkefnið að sínu.

**Faglegur stuðningur.** Starfsmenn verkefnisins fá faglegan stuðning af starfsmönnum náttúrustofa, en um 90% þeirra hafa háskólamenntun, næstum allir á sviði náttúrufræða.

**Öflugt tengslanet.** Náttúrustofur hafa sterkt og formlegt tengslanet sín á milli sem tryggir tengsl starfsmanna vottunarverkefnisins en nauðsynlegt er að þeir hafi regluleg og fastmótuð samskipti til að ná fram sem mestum samlegðaráhrifum. Auk þess hafa náttúrustofur góð tengsl við aðrar stofnanir á sviði náttúru- og umhverfismála, sem nýst geta starfsmönnum vottunarverkefnisins.

**Lágmarks kostnaður.** Náttúrustofur hafa allar nú þegar ágæta aðstöðu og er kostnaði við hvern starfsmann vottunarverkefnisins því haldið í lágmarki, þar sem enginn stofnkostnaður hlýst af nýjum starfsstöðvum.

**Þjónusta við mörg sveitarfélög í einu.** Þar sem hver náttúrustofa hefur starfssvæði sem spannar mörg sveitarfélög (1. mynd) er starfsmaðurinn ekki kenndur við eitt tiltekið sveitarfélag heldur er eðlilegt að hann sinni öllum sveitarfélögum á starfssvæðinu.



**1. mynd.** Tillaga að dreifingu starfsfólks vottunarverkefnisins gerir ráð fyrir að það verði staðsett á náttúrustofunum sjö (höfuðstöðvar þeirra merktar með rauðum punkti). Starfssvæðin eru í mismunandi litum. Gert er ráð fyrir einum starfsmanni á höfuðborgarsvæðinu (blár punktur) og einum til viðbótar (verkefnisstjóra) á Vesturlandi (ekki merktur á kortið).





Starfsmenn verkefnisins yrðu umhverfisfulltrúar þess landhluta sem þeir störfuðu í og væru helstu hlutverk þeirra að:

1. Halda utan um þá þætti sem við koma vottunarferlinu, sem krefst þess að þeir hafi skýran skilning á eðli verkefnisins og ferlum þess.
2. Aðstoða sveitarfélög við stefnumótun og gerð, framkvæmd og eftirfylgni framkvæmdaáætlunar.
3. Aðstoða sveitarfélög við að finna LEIÐIR að markmiðum framkvæmdaáætlunar verkefnisins.
4. Vinna á skipulegan hátt að úrbótum.
5. Bæta innviði, boðleiðir og verkferla innan og á milli stofnana sveitarfélaganna.
6. Standa fyrir fræðslu um verkefnið, umhverfismál og tengd málefni.
7. Sækja um styrki til ýmissa umhverfisverkefna.
8. Kynna vottunarverkefnið fyrir heimaaðilum sem geta notið góðs af tilvísun til þess við markaðssetningu.

Auk starfsmannanna sjö á náttúrustofum landsins er mikilvægt að bæta við einum starfsmanni til að vinna með sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins og einnig er lagt til að ráðinn verði verkefnisstjóri til að halda utan um verkefnið í heild. Því er um samtals 9 stöðugildi að ræða. Eðlilegt væri að staðsetja verkefnisstjórn annað hvort hjá Environice (Umís) í Borgarnesi eða á Náttúrustofu Vesturlands, en á þessum tveim stöðum hefur á síðastliðnum 7 árum byggst upp þekking og reynsla af Green Globe vottunarferlinu. Þá hefur Environice haft umsjón með Staðardagskrárverkefninu á landsvísu og í gegnum það átt samskipti við sveitarfélög um land allt.

Helstu hlutverk verkefnisstjóra væru:

1. Verkstjórn umhverfisfulltrúa.
2. Ráðgjöf til umhverfisfulltrúa.
3. Samræming áætlana og vinnuferla.
4. Samskipti við stjórnvöld.
5. Innlend kynning og samskipti við fjölmiðla.
6. Erlend samskipti, t.d. við EC3 Global og fréttamiðla.



**Með þessu fyrirkomulagi er raunhæft að stefna að vottun allra sveitarfélaga landsins á fjórum árum** og er líklegt að einhver sveitarfélög nái jafnvel vottun á skemmri tíma. Þegar öll sveitarfélög hafa náð vottun er æskilegt að endurskoða fyrirkomulagið til að kanna hvort unnt sé að viðhalda vottun og vinna að stöðugum úrbótum með minna vinnuframlagi. Talsverðar líkur eru á að svo sé.

**Með því að ráða fagaðila og dreifa um landið er sveitarfélögum veitt nauðsynleg þekking og styrkur til að landið allt verði vottað á fjórum árum. Náttúrustofur veita heppilega umgjörð fyrir starfsmann hvers landshluta.**



Lóndrangar



Skaftafell



## KOSTNAÐUR

Miðað við ávinninginn af umhverfissvottuðu Íslandi er kostnaður við verkefnið hlutfallslega lágur.

Beinn árlegur kostnaður af verkefninu er áætlaður 79 milljónir króna. Lagt er til að hann greiðist úr ríkissjóði (1. tafla).

Af einstökum kostnaðarliðum er launakostnaður fyrirferðarmestur. Ferðakostnaður er óhjákvæmilega nokkur vegna eðli verkefnisins en verður þó haldið í lágmarki með því að dreifa starfsmönnum um landið. Kostnaði vegna aðstöðu starfsmanna er sömuleiðis haldið í lágmarki með því að staðsetja þá á náttúrustofum. Í einhverjum tilfellum gætu svæðin þurft að kaupa utanaðkomandi þjónustu vegna úttekta eða rannsókna, t.d. á þölmörkum ferðamannastaða, frárennismálum eða vatnsgæðum.

Óbeinn kostnaður verður t.d. vegna vinnu starfsmanna sveitarfélaganna við upptöku nýrra starfshátta. Ætla má að kostnaður verkefnisins við þennan þátt geti orðið mismikill eftir aðstæðum. Lagt er til að hann falli á sveitarfélög.





Sanderlur

**1. tafla.** Beinn kostnaður verkefnisins um vottun allra sveitarfélaga landsins. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður nemi 79 milljónum króna.

<b>Kostnaðarliðir</b>	<b>Fjárhæð í kr.</b>
Laun og launatengd gjöld	61.800.000
Akstur	4.500.000
Fæðispeningar	900.000
Aðkeypt þjónusta	4.000.000
Skrifstofuaðstaða	3.600.000
Árgjald Green Globe	1.600.000
Bókhald	900.000
Ófyrirséður kostnaður	1.700.000
	<b>79.000.000</b>

Hlutfall kostnaðar og væntanlegs ávinnings er mjög hagstætt í þessu verkefni. Árlegur kostnaður er áætlaður 79 milljónir en væntanlegur ávinningur (sjá næstu opnu) er ómetanlegur.



Búðir



Haförn



## ÁVINNINGUR

Ávinningur af umhverfsvottuðu Íslandi er ótvíræður og snertir fjölmörg svið íslensks samfélags.

**Ímynd.** Ljóst er að ímynd Íslands hefur beðið mikinn álitshnekki á alþjóðavettvangi í kjölfar hruns efnahagskerfisins. Umhverfsvottað Ísland veki heimsathygli, því við yrðum fyrsta þjóðin í heiminum til að ná þeim áfanga. Ímynd landsins á erlendri grundu yrði þannig stórlega bætt og í fullu samræmi við þá sýn um hreint og fagurt land sem Íslendingar hafa lengi haldið á lofti. Ímynd landsins yrði ekki einungis bætt út á við, heldur gæti umhverfsvottað Ísland fyllt þjóðina sjálfa stolti og þannig styrkt sjálfsmýnd landsmanna. Á þeim erfiðu tímum sem nú ganga yfir er ekki síður mikilvægt að byggja upp innri styrk landsmanna en að bæta viðhorf erlendra þjóða til landsins.

**Markaðssetning og efling atvinnulífs.** Umhverfsvottað Ísland færir okkur mikilvægt samkeppnisforskot til uppbyggingar atvinnulífs, sérstaklega á sviði ferðaþjónustu og í útflutningsgreinum.

1. **Ferðaþjónusta:** Nýir möguleikar opnast til landkynningar og markaðssetningar landsins með tilheyrandi fjölgun ferðamanna og eflingu ferðaþjónustufyrirtækja. Auk þess munu jaðaráhrif aukins ferðamannastraums styrkja aðrar þjónustugreinar, s.s. verslanir, veitingastaði, bifreiðaverkstæði og banka. Þess skal getið að einn mikilvægur liður í Green Globe vottunarferlinu er að búa samfélagið undir aukinn ferðamannstraum, þannig að náttúra, menningarminjar og samfélagssérkenni verði ekki fyrir átroðningi eða skemmdum. Umhverfsvottunin veitir aðhald sem stuðlar að varðveislu náttúruperla landsins fyrir komandi kynslóðir þrátt fyrir fjölgun ferðamanna.



Breiðafjörður

2. *Útflutningsfyrirtæki:* Þótt útflutningsfyrirtækin sjálf hljóti ekki vottun nema þau gangi sjálfstætt í það ferli, munu þau geta markaðsett sig sem framleiðendur í umhverfsvottuðu samfélagi. Þetta hefur þegar gefið góða raun í markaðssetningu fyrirtækja á Snæfellsnesi. Þar með opnast ný sóknarfæri fyrir alla útflutningsframleiðslu því unnt verður að höfða sérstaklega til þess vaxandi hóps neytenda sem sækir í sjálfbærar vörur og þjónustu.

**Sjálfbærara Ísland.** Vottun allra sveitarfélaga á Íslandi er kjörin leið til að efla sjálfbærni á landsvísi. Auk þess augljósa ávinnings sem felst í að starfsemi sveitarfélaga beinist að sjálfbærari háttum, verða margfeldisáhrif af því að starfsfólk stofnana og nemendur skóla tileinki sér umhverfsvænan hugsunarhátt. Miklar líkur eru á að þessir aðilar innlimi bættu starfshætti í rekstur eigin heimila og jafnvel heimila vina og ættingja. Þar sem fjöldi umhverfsvottaðra fyrirtækja í sveitarfélaginu telst til tekna í vottunarferlinu verður einnig ástæða fyrir sveitarfélög að hvetja fyrirtæki á svæðinu til að ganga inn í slíkt ferli með tilheyrandi ávinningi fyrir sjálfbæra þróun.

**Sparnaður.** Reynslan hefur sýnt að stofnanir og fyrirtæki sem taka upp sjálfbærari starfshætti geta með því minnkað rekstrarkostnað sinn, sem er alltaf kostur og sér í lagi þegar fjárhagur er þröngur eins og nú.

**Ávinningur af verkefninu er mikill og ótvíræður. Hann felst í bættri ímynd landsins, gríðarlegum tækifærum í markaðssetningu og eflingu atvinnulífs, sparnaði í rekstri og markar leiðina til sjálfbærs Íslands.**





## AÐ LOKUM

Einhverjum kann að koma spáskt fyrir sjónir að fjárfesta í umhverfsvottun Íslands á tímum niðurskurðar og kreppu. Þó má færa rök fyrir því að nú sé einmitt rétti tíminn. Í erfiðu efnahagsástandi er nauðsynlegt að huga að nýjum leiðum til uppbyggingar landsins og þá sér í lagi leiðum sem hafa margþætt jákvæð áhrif út í atvinnu- og mannlíf. Einnig beinast sjónir alþjóðasamfélagsins nú í auknum mæli að sjálfbærni til að tryggja framtíð jarðarinnar og mannkynsins. Ísland getur með umhverfsvottun sinni sett fordæmi fyrir aðrar þjóðir en jafnframt stuðlað að uppbyggingu landsins með langtímahagsmuni þess í huga.

**Hér hefur verið kynnt hugmynd að raunhæfri leið til umhverfsvottunar Íslands. Verkefnið felur í sér að fagaðilar vinni með sveitarfélögum að stefnumótun og framförum í umhverfis- og samfélagsmálum. Áætlað er að beinn árlegur kostnaður verkefnisins verði 79 milljónir og hljóti landið umhverfsvottun á fjórum árum. Væntanlegur ávinningur er gríðarlegur fyrir efnahag og umhverfi.**

*Höfundar greinargerðarinnar hafa tekið virkan þátt í Green Globe vottunarverkefninu á Snæfellsnesi nánast frá upphafi þess. Menja von Schmalensee sat í stýrihöpi verkefnisins frá 2003-2004 og var varaformaður Framkvæmdaráðs Snæfellsness, sem skipað var til að stjórna verkefninu, frá stofnun þess árið 2004 til lok árs 2005. Róbert A. Stefánsson tók við varaformennsku Framkvæmdarráðsins af Menju, varð formaður 2006 og hefur gegnt þeirri stöðu síðan.*

*Nánari upplýsingar um Green Globe vottun Snæfellsness má finna á [www.nesvottun.is](http://www.nesvottun.is), hjá höfundum og Stefáni Gíslasyni, framkvæmdastjóra Environice.*

*Nánari upplýsingar um Green Globe má finna á [www.ec3global.com/products-programs/green-globe/](http://www.ec3global.com/products-programs/green-globe/)*

